

**82** 19. júní **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa Grundarprestakalli til hússbyggingar.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 17. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn til Grundarþinga í Eyjafjarðarprófastsdæmi, síra Jónas Jónsson, taki allt að 2000 króna embættislán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, til byggingar íbúðarhúsi á prestssetrinu Hrafnagili með þeirri stærð og því fyrirkomulagi, sem um er rætt í bænarskrá og öðrum skjölum, sem fylgdu áður nefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. Ennfremur er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt, frá lántökudegi að telja, með  $\frac{1}{20}$  lánsins á ári, auk vaxta, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje að öllu traust og vel vandað, að húsið með eldavjel og tveim ofnum að minnsta kosti verði eign prestakallsins, enda mega þá niður falla eptirnefnd hús, er áður fylgdu prestssetrinu: baðstofa, bæjardyr, 2 stofur, eldhús, 4 búrkofar og lítil skemma, að presturinn haldi húsinu váttryggðu undir eptirliti prófasts fyrir 2000 krónum að minnsta kosti og, að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

### Lausn frá embætti og embættisskipun

#### a. Lausn frá embætti.

29. maí var sýslumanni í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeta á Seyðisfirði *Einari Thorlacius*, samkvæmt umsókn, veitt lausn í náð frá umgetnum embættum með eptirlaunum eptir eptirlaunalögnum.

#### b. Embættisskipun.

25. júní var presti að Hjaltastad síra *Magnúsi Bjarnarsyni* af landshöfðingja veitt *Kirkjubæjarklaustursprestakall* í Vestur-Skaptafellsýslu, samkvæmt kosning safnadarins, frá fardögum 1896 að telja.

### Heiðursmerki.

29. maí voru bændurnir:

Þórður Þórðarson á Rauðkollstöðum í Hnappadalssýslu,  
 Árni Jónsson að Þverá í Hallárdal í Húnavatnssýslu og  
 Ingimundur Eiríksson í Rofabæ í Vestur-Skaptafellssýslu,  
 allramildilegast sæmdir heiðursmerki dannebrogsmanna.

### Óveitt læknishjerað (leiðrjetting).

Í 8. örð B. deildar Stjórnartíðindanna fyrir 1896 hefur misprentazt í auglýsing um óveitt embætti: 9. læknishjeraði í stað: 7. læknishjeraði.